

Ed.

44. Nefndarálit

[30. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta kom skyndilega til sögunnar. Það er samsteypa fimm tekjuöflunarfrumvarpa, sem ríkisstjórnin hafði lagt fyrir Alþingi og hugsað sér að láta sigla hraðbyri gegnum þingið til þess að geta strax frestað þinghaldi þar til síðustu daga n. k. janúarmánaðar.

Vegna andstöðu þeirra þingmanna, sem ekki styðja ríkisstjórnina og telja þingfrestunina ótímabæra, gáfust stjórnarstuðningsmenn upp við að reyna að koma þessum fimm frumvörpum áleiðis nægilega hratt til að geta frestað Alþingi á fyrstu dögum þess, hlupu frá frumvörpunum, en gerðu innihald þeirra — þótt sundurleitt sé — að einu frumvarpi í „bandormsstil“.

Stjórnarstuðningsmennirnir í fjárhagsnefnd (MJ, ÓB, JÐ) samþykktu á fundi nefndarinnar í dag að mæla með samþykkt frumvarpsins, eins og þeir höfðu mælt með hinum áður nefndu, yfirgefnu frumvörpum.

Við, sem skipum minni hlutann í nefndinni, mælum ekki með samþykkt frumvarpsins.

Efni hinna fimm frumvarpa á ekki eðlilega suðu saman í einu frumvarpi.

Formið er einnig mjög óviðkunnanlegt klambur.

Samsteypan er augljóslega gerð til þess eins að takmarka málfrelsi þingmanna, og er það stórlega vítavert.

Við erum ekki á móti framlengingu tekjuöflunar þeirrar, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Að visu flytjum við á sérstöku þingskjali brtt. við 4. gr. frv. um gildistíma framlengingar söluskatts, þar sem við teljum eðlilegt, að hann sé hinn sami og gildistími heimildar um bráðabirgðafjárgreiðslur úr rikissjóði 1960. Breytingartillaga sú er miðuð við það fyrst og fremst, að sveitarfélögunum væri mikil nauðsyn að fá hlutdeild í skattinum og réttmætt að veita þeim þá hlutdeild, ef fjárlög leyfa, þegar þar að kemur.

En þó að við séum ekki á móti framlengingunum efnislega, styðjum við ekki framgang þeirra um sinn, — og leggjum ekki til, að aðrir geri það, — af því að þær eru grundvöllur þess, að ríkisstjórnin geti látið þingið hætta störfum nú þegar í nálega tvo mánuði, en það teljum við óhæfu á meðan t. d.:

1. Fyrsta umræða fjárlaga hefur ekki farið fram og frumvarpi til fjárlaga 1960 ekki verið vísað til nefndar.
2. Bráðabirgðalög um verðlag landbúnaðarvara, sem sett voru á s. l. sumri, hafa ekki verið lögð fyrir Alþingi og hlotið afgreiðslu.
3. Fjöldmörg mikilvæg mál, sem nú þegar hafa verið lögð fyrir þetta þing, hafa ekki fengið tekin á dagskrá til fyrstu meðferðar, — né þingmönnum gefið eðlilegt tóm til þess að undirbúa og ganga frá málum til flutnings.

Alþingi, 1. des. 1959.

Karl Kristjánsson, Björn Jónsson.
frsm.